

# Stöðugt lækkandi raunverð á mjólk

Helstu atriði:

- **Raunverð á helstu mjólkurafurðum var lægra árið 2013 en 2003.**
- **Aukin skilvirkni í mjólkurframleiðslu hefur skilað lægra verði til neytenda.**
- **Opinberir styrkir hafa undanfarin ár lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu.**

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur skilað til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra skýrslunni „Mjólkurframleiðsla á Íslandi - Staða og horfur“. Í skýrslunni er reynt að greina uppbyggingu mjólkurframleiðslu hér á landi og þróun hennar á síðustu árum. Í skýrslunni kemur skýrt fram að opinberir styrkir til landbúnaðarframleiðslu hér á landi hafa lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförunum árum. Þrátt fyrir þetta hefur náðst árangur í að ná niður verði á helstu mjólkurvörum og auka framleiðslu.

## Raunverð lægra 2013 en 2003

Í skýrslunni segir að raunverð á nýmjólk, rjóma, skyri, jógúrt, smjöri og osti hafi verið lægra árið 2013 en 2003. Kemur fram að þó svo verð á mjólkurvörum fari hækkandi hafi það ekki haldið í við þróun á vísitölu neysliverðs. Einnig að 70% matvara á þessu tímabili, 2003 til 2013, hækkaði meira en sú mjólkurafurð sem hækkaði mest. Aðeins 10% matvara hækkuðu minna í verði. Athygli vekur að þrátt fyrir þennan árangur eru í skýrslunni gerðar tillögur að breytingum sem kollvarpa núverandi fyrirkomulagi mjólkurframleiðslu.

## Meðalnyt aukist um 45%

Í skýrslu Hagfræðistofnunar segir: „Hagkvæmni hefur aukist mikið í rekstri íslenskra kúabúa undanfarin ár. Meðalnyt á hverja íslenska kú jókst um nálægt 45% frá 1994-2012, en áður hafði hún lítið aukist í áratugi.“ Þessi hagræðing í mjólkurframleiðslu hefur skilað sér í lægra verði til neytenda. Á móti kemur fram í skýrslunni að auka þurfi möguleika til nýliðun í greininni og auka skilvirkni greiðslna úr ríkissjóði þannig að þær skili sér betur til bænda. Þessi atriði þarf að taka til nánari skoðunar sem og ýmis önnur atriði skýrslunnar í komandi búvörusamningum.

## Aukin skilvirkni skilar sér til neytenda

Bændasamtök Íslands og Landsamband kúabænda gagnrýna að skýrsluhöfundar gefi sér að eftirgjöf í tollum á landbúnaðarafurðum skili sér í lægra verði til neytenda. Nýleg dæmi þar sem hið opinbera hefur lækkað álögur á vöruflokkum sýna að það er ekki gefið að verð á þeim út úr búð lækki samsvarandi. Þvert á móti kemur fram í nýlegum verðlagskönnunum ASÍ að verð á þessum vöruflokkum hækkaði eða stóð í stað eftir að dregið var úr álögum. Aukin skilvirkni í framleiðslu mjólkurafurða hefur aftur á móti skilað sér í lækkuðu verði til neytenda eins og skýrsla Hagfræðistofnunar rekur ágætlega.

**Ítarlegri umsögn um skýrsluna og einstök atriði hennar er að finna hér að neðan**

## Umsögn um skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands "Mjólkurframleiðsla á Íslandi - staða og horfur"

Í skýrslunni koma fram mörg dæmi um góðan árangur mjólkurframleiðslunnar, ýmsar gagnlegar ábendingar, en líka alvarlegir gallar, bæði í formi gallaðra og rangra fullyrðinga. Umsagnaraðilar draga útreikninga Hagfræðistofnunar ekki í efa, en í sumum tilvikum eru forsendur einfaldlega ekki réttar. Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu athugasemdum Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda við skýrsluna.

Í skýrslunni kemur skýrt fram að opinberir styrkir til landbúnaðarframleiðslu hér á landi hafa lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförunum árum. Þrátt fyrir þetta hefur náðst mikill árangur í að ná niður verði á helstu mjólkurvörum og auka framleiðslu, eins og skýrslan dregur ágætlega fram. Það skýtur því nokkuð skökku við að Hagfræðistofnun vill gera margháttaðar breytingar á starfsskilyrðum mjólkurframleiðslunnar, þrátt fyrir framangreindan árangur.

Í skýrslunni er meginþemað sú hagfræðilega nálgun að einhverskonar skorður við óheftri markaðshyggju leiði undantekningalítið til sóunar þar með talið landbúnaðarstefna. Markaðurinn finnur alltaf bestu lausnina að mati þessarar kenninga. Ekkert er litið til samfélagslegra áhrifa, mjög lítið til byggðamála og ekkert til umhverfisáhrifa. Það verður að teljast afar þröngt sjónarhorn. Nútímasamfélag hefur einfaldlega fleiri viðmið en bara hagfræðina eina. Að því sögðu þá er starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar eða landbúnaðarins í heild fjarri því hafið yfir gagnrýni, en mestu skiptir að ná sátt um hvert skal stefna. Bændur fagna allri umræðu um starfsumhverfi sitt en gera kröfu um að hún sé byggð á staðreyndum.

Taka má undir það sem fram kemur í skýrslunni að markmiðin þurfi að vera skýr, greina þurfi bestu leiðirnar til að ná þeim og ákvarða hversu mikið fé landsmenn eru tilbúnir til að veita til þess. Þau atriði munu einmitt koma til skoðunar í komandi viðræðum bænda og stjórnvalda um nýja búvörusamninga auk annarra þeirra tillagna sem fram koma í skýrslunni til dæmis ábendingar um að auka þurfi möguleika til nýliðunar í greininni og auka skilvirkni greiðslna úr ríkissjóði þannig að þær skili sér betur til bænda. Þessi atriði þarf að taka til nánari skoðunar sem og ýmis önnur atriði skýrslunnar í komandi búvörusamningum.

### Helsti ávinningur bænda og neytenda

Í skýrslunni segir að segir að raunverð á nýmjólk, rjóma, skyri, jógúrt, smjöri og osti hafi verið lægra árið 2013 en 2003. Kemur fram að þó svo verð á mjólkurvörum fari hækkandi hafi hún ekki haldið í við þróun á vísitölu neysliverðs. Einnig að 70% matvara á þessu tímabili, 2003 til 2013, hækkaði meira en sú mjólkurafurð sem hækkaði mest. Aðeins 10% matvara hækkuðu minna í verði.

Lágmarksverð til bænda hefur jafnframt hækkað umfram almennt verðlag síðan 2003. Því er öfugt farið hvað varðar heildsölu- og smásöluverð sem hefur lækkað á sama tíma eins og að framan greinir. Bæði neytendur og bændur hafa því haft ávinning af núverandi fyrirkomulagi.

Þessi ávinningur hefur meðal annars verið sóttur með umfangsmikilli hagræðingu innan mjólkuriðnaðarins sem byggðist á því að hann gæti unnið sameiginlega að því að ná henni fram, í krafti undanþágu frá samkeppnislögum. Á móti hefur hann ekki frelsi til að verðleggja afurðirnar að vild. Í skýrslunni er ekki sýnt fram á að annað fyrirkomulag myndi skila meiri ávinningi.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar segir jafnframt: „Hagkvæmni hefur aukist mikið í rekstri íslenskra kúabúa undanfarin ár. Meðalnyt á hverja íslenska kú jókst um nálægt 45% frá 1994-2012, en áður hafði hún lítið aukist í áratugi.“ Þessi hagræðing í mjólkurframleiðslu hefur skilað sér í lægra verði til neytenda.

### **Samantekt árangurs sem náðst hefur undanfarinn áratug**

1. Lækkandi hlutfall beingreiðslna í tekjum bænda (tafla 4.2. á blaðsíðu 39; beingreiðsla 45% árið 2006 en um 40% 2014 samkvæmt blaðsíðu 29 (lok þriðju málsgreinar))
2. Hækkandi verð frá afurðastöðvum til bænda, (mynd 4.4.1 blaðsíðu 45 og texti á sömu blaðsíðu)
3. Aukin sala mjólkurafurða, (tafla 4.5. á blaðsíðu 43)
4. Lækkað verð flestra mjólkurafurða, Skyr hækkaði um 3% að raunvirði en lækkun raunvirðis annarra vara er:
  - a. Rjómi 18%,
  - b. Ostur 12%,
  - c. Smjör 8%
  - d. Nýmjólk 8% (mynd 4.8. á blaðsíðu. 46 og texti fyrir neðan myndina)
5. Frá 2003 til 2013 hækkaði verð á 70% matvörum meira en sú mjólkurafurð sem hækkaði mest - (Önnur málsgrein blaðsíðu. 52 og mynd 4.12 blaðsíðu 51)
6. Lækkaður stuðning ríkisins við bændur (samtals í krónum talið), (-8% frá 2003 samkvæmt töflu 3.3 á blaðsíðu. 26)
7. Lækkandi beingreiðslur á framleiddan lítra (-33% frá 2003 samkvæmt texta blaðsíðu. 26)
8. Nær óbreytt dreifingu framleiðslunnar um landið, (Mynd 4.4 á blaðsíðu 42. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa tekið saman töflu sem sýnir sömu mynd í lítrum og hundraðshlutum)
9. Lækkaður stuðningur við framleiðsluna mælt í hlutfalli af landsframleiðslu, (Fyrsta setning fyrstu málsgreinar á blaðsíðu. 82; lækkað úr 5% af landsframleiðslu í 1%, það er 80% lækkun).
10. Lækkandi stuðningur ríkisins sem hlutfall af tekjum bænda, var 77% 1986-1988 en hafði lækkað í 44% árin 2011-2013 (blaðsíðu. 54, þriðja setning annarrar málsgreinar)
11. Lækkandi kostnaður við að koma mjólkinni frá bændum til neytenda (tafla 4.6 á blaðsíðu 48)

12. Hærra hlutfall markaðstekna fyrir sölu mjólkurafurða skila sér til bænda en í Evrópusambandinu. (önnur málsgrein síðustu síðu samantektar og umfjöllun í kafla 6.2) [Þetta er endurtekning á punkti númer 9.]

### **Takmarkað sjónarhorn**

Fram kemur að stuðningur við landbúnað hefur minnkað mjög verulega síðustu þrjá áratugi. Samdráttur er um 80% ef miðað er við hlutfall af landsframleiðslu, annarsvegar 1986-88 og hinsvegar 2011-13. Í krónum talið hefur upphæð beingreiðslna á lítra lækkað um þriðjung síðasta áratuginn, miðað við fast verðlag. Hafa verður í huga að Ísland er stórt en dreifbýlt land. Samanburður við önnur lönd á kostnaði við rekstur landbúnaðarstefnu og annarra innviða verður oft óhagstæður sökum mannfæðar og dreifðrar byggðar. Það kemur að hluta til fram í skýrslunni. Eftir sem áður er sett fram sú sviðsmynd að ef allur stuðningur falli niður verði einungis hagkvæmt að framleiða ákveðnar ferskvörur hér innanlands sem samsvara um 35% af núverandi framleiðslu. Ekki er gerð nein tilraun til að leggja mat á önnur áhrif þess að framleiðslan minnki um 65% s.s. samfélagsleg áhrif, umhverfisáhrif, kostnað við úreldingu framleiðslutækja, töpuð störf eða hvort að framleiðslan sem eftir stæði myndi geta starfrækt þá innviði sem til þarf til að hún geti yfirleitt starfað áfram. Verður það að teljast veruleg skammsýni í besta falli. Almenn mat skýrslunnar á áhrif breytinga á byggð eru að auki mjög rýrt í roðinu og þar eru ekki settar fram neinar tölur

### **Þjóðhagslegur kostnaður stuðnings við mjólkurframleiðsluna**

Þjóðhagslegur kostnaður er metinn sem „allrakostnaður“ annars vegar vegna óhagræðis í mjólkurframleiðslu og neyslu mjólkurvara og hins vegar vegna fórnarkostnaðar opinbers fjármagns sem nýta hefði mátt í annað – eða til lækkunar skatta. Allratap vegna neyslu mjólkurvara er metið 10-30 milljónir króna á ári, vegna framleiðslunnar ½ - 3 milljarðar á ári og vegna fórnarkostnaðar opinbers fjármagns 1 milljarður á ári.

Allratap vegna neyslu mjólkurvara er metið einungis 10-30 milljónir, það er um 0,1% af heildsöluverðmæti allra mjólkurvara. Til að ná fram þessu mati er í skýrslunni meðal annars stuðst við þær forsendur að smekkur almennings hafi ekki haft áhrif á breytingar í neyslu mjólkurvara allt frá árinu 1950 til ársins 2012 og að hlutdeild matvara í neysluútgjöldum breytist ekki. Þessar forsendur eru rangar.

Einnig virðist horft algerlega framhjá þeirri staðreynd að vörutegundir mjólkurvara á markaði 1950 voru innan við tíu, en árið 2012 voru vörutegundir um 200. Niðurstaða rannsókna sem byggja á þessum forsendum í skýrslunni sýna að þegar verð mjólkurvara hækkar um 1% þá dragist eftirspurn saman um 0,3–0,5%. Raunveruleikinn er ekki bara annar – hann er stundum þveröfugur! Sem dæmi má nefna að frá 2003 til 2013 lækkaði verð nýmjólkur um 8% að raunvirði og sala dróst saman um 16%.

Allratap vegna framleiðslu mjólkur er reiknað ½-3 milljarðar á ári. Niðurstaðan er fengin með notkun á bandarískum rannsóknum um samdrátt í framleiðslu við verðlækkunir. Engar

rannsóknir virðast þekktar héraendis um áhrif verðbreytinga á framleiðslu mjólkur. Þetta er stór galli því framleiðsla mjólkur í Bandaríkjunum er mjög ólík framleiðslu á Íslandi; meira er um mjólkurframleiðslu sem byggir á fóðrun án beitar þar sem allt að 80% af fóðri kúnna er aðkeypt korn og fóðurbætir. Framleiðsla í Bandaríkjunum er því augljóslega mun háðari aðkeyptu fóðri og því viðkvæmari fyrir verðbreytingum á mjólkurverði. Áhrif verðbreytinga á mjólk ættu því að vera minni á Íslandi þar sem framleiðslan byggir minna á aðkeyptu fóðri. Reiknað allratap ætti því að vera lægra en bandarískar rannsóknir gefa ástæður til að ætla.

Einnig er byggt þeim upplýsingum OECD að opinber stuðningur hafi verið liðlega helmingur af því sem bændur fengu fyrir mjólkina frá 2011 til 2013. Þær upplýsingar eru rangar. Á blaðsíðu 55 í skýrslunni kemur fram að árin 2011 til 2013 hafi afurðastöðvar greitt árlega 9,5 milljarða fyrir mjólk frá bændum og beinir fjárstyrkir frá ríki og verðstuðningur með tollum hafi verið um 8 milljarðar á ári. Heildartekjur kúabúa af mjólkursölu eru samkvæmt þessu  $9,5+8=17,5$  milljarðar á ári en opinber stuðningur 8 milljarðar – eða 45,7%. Bændaverð myndi því líklega lækka um 46% ef ríkið félli frá öllum stuðningi við greinina, en ekki „liðlega helming“ eins og reiknað er með í útreikningum í skýrslunni. Allratap vegna framleiðslu mjólkur er samkvæmt þessu ofmetið í skýrslunni.

Að síðustu er reiknað með einum milljarði í allratap vegna notkunar opinbers fjármagns vegna landbúnaðarstyrkja. Forsendan er sótt til skýrslu Hagfræðistofnunar Íslands nr. C08:07, frá desember 2009. Höfundur skýrslunnar er Daði Már Kristófersson, en í skýrslunni gerði hann ráð fyrir að allratap vegna fjáröflunar hins opinbera sé um 16% af því fé sem aflað er. Daði benti á að matið kynni að vera of hátt, en engu að síður var matið notað í útreikningum á allratapi vegna stuðnings við mjólkurframleiðsluna.

Af framansögðu er ljóst að áætlaður þjóðhagslegur kostnaður vegna stuðnings við mjólkurframleiðsluna byggir að hluta á röngum forsendum, að hluta á bandarískum forsendum sem virðast síður eiga við á Íslandi og á hámarki af áætluðum kostnaði vegna fjáröflunar hins opinbera. Allir þessir þættir valda ofmati á þjóðhagslegum kostnaði vegna stuðnings ríkisins við kúabændur.

## Athugasemdir við einstök atriði skýrslunnar

### A: Hluti I – Núverandi ástand mjólkurvöruframleiðslu á Íslandi

#### Staðreyndavillur:

Nr.	Staðreyndavilla:	Skýring:
1	„Ekki virðist gert ráð fyrir að framleiðendur keppi um eiginleika þeirrar vöru sem þeir bjóða.“ (bls. 12, 3ja málsgr.,3ja setning)	Það er sérstaklega hvatt til samkeppni í efnainnihaldi og gæðum. Bæði með greiðslum eftir efnainnihaldi fremur en magni og hvatagreiðslum fyrir sérlega góð gæði. Lengra er ekki hægt að keppa í eiginleikum vöru sem

		er skilgreind þannig að úr henni má „...ekkert taka og engu í bæta.“ (um mjólk sem lögð er inn í mjólkurstöð í reglugerð 851/2012)
2	„Þrátt fyrir þetta fyrirkomulag hafa kúabú á nýliðnum árum þjappast saman á afmörkuðum svæðum þar sem aðstaða til framleiðslu er best.“ (bls. 12, 3ja málsgr., síðasta setning)	Ekki er vísað í nein göng til stuðnings þessari fullyrðingu.  Samkvæmt tölum SAM um mjólkurframleiðslu er dreifing framleiðslunnar (lítrar) nær óbreytt frá árinu 2004 til ársins 2013. Mesta frávik í er 1%. Hlutfall mjólkurframleiðslu landsins á Vestfjörðum og Austfjörðum er einnig nær óbreytt frá árinu 1972
3	„Ekki verður séð að gripið hafi verið til sérstakra ráðstafana árið 2003 eða síðar til þess að stuðla að því að fjárhagsstuðningur ríkis við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð.“ (bls. 13, 2 málsgr. 6. setning)	Verðlagsnefnd og takmörkuð undanþága frá samkeppnislögum eru sérstakar ráðstafanir til að stuðla að því að fjárhagsstuðningur við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð.  Einnig skýrir skýrslan frá því (bls. 24) að reglugerð um uppboðsmarkað fyrir greiðslumark hafi verið sett til að ná þessu markmiði.
4	„Ætla má að tæpast séu lögð höft á innflutning nema að innlendir framleiðendur standi halloka í samkeppni við erlenda framleiðendur.“ (bls. 17, 3ja málsgr., 5. setning)	Ástæða innflutningshafta getur verið að verja innlenda framleiðslu gegn niðurgreiddri erlendri framleiðslu – og að koma í veg fyrir innflutning vöru sem er framleidd við ófullnægjandi heilbrigðisaðstæður, ófullnægjandi vinnuaðstæður eða ófullnægjandi dýravelferð.
5	MS og KS eru sögð nánast einkaupar af mjólk frá bændum og „...helsta afleiðing einkeypis er að neytandinn, afurðastöðin í þessu tilfelli, kaupir á lægra verði en ella.“ (bls. 18, 2. málsgrein, 2-4. setning)	Þegar tekjur afurðastöðva og verð á mjólk sem þær kaupa, eru ákvarðaðar af opinberri nefnd er fráleitt að halda því fram að afurðastöðvar kaupir mjólk „...á lægra verði en ella.“
6	„Bæði MS og KS eru í eigu bænda en óljóst er hvort það breytir miklu um hegðun þessara fyrirtækja.“ (bls. 18, 2. málsggr., síðasta setning)	Það má öllum vera ljóst að mjólkurvinnsla MS og KS er ekki rekin til að hámarka hagnað. Markmið rekstrarins er að hámarka sölu á vörum úr íslenskri mjólk og skila bændum sem bestum tekjum fyrir mjólkurframleiðslu. Einnig er augljóst að fyrirtæki sem eru háð utanaðkomandi ákvörðunum um framleiðslumagn, hráefnisverð og söluverð

		framleiðslu, geta ekki hegðað starfsemi sinni sem einkasali eða einkaupi.
7	„Miðað við mjólkurskort undanfarinna tveggja ára virðist þó sem greiðslumarkið hafi takmarkað framleiðslu um of.“ (bls. 19. 2. málsgr., 4. setning)	Það var ekki mjólkurskortur – en það fór nærri því.  Ástæðan var ekki greiðslumarkið heldur hröð aukningu í eftirspurn fituríkra mjólkurvara, samhliða óhagstæðu veðurfari sem olli minnkandi mjólkurframleiðslu og minnkandi fituinnihaldi í mjólk.  Fullt afurðastöðvarverð var greitt fyrir alla mjólk 2013 og 2014. Greiðslumarkið takmarkaði því ekki framleiðsluna – það voru náttúrulegar aðstæður (veðurfar).
8	„Sem stendur eru almennir tollar á flestum mjólkurvörum svo háir að ólíklegt er að erlend framleiðsla verði nokkru sinni ódýrari en innlend á íslenskum markaði.“ (bls. 19, 4. málsgrein, 1. setning)	Forsendur skýrslunnar eru útflutningsverð mjólkurvara frá Danmörku samkvæmt tollskýrslum. Á blaðsíðu 78 (3ja málsgr. síðasta setning) segir: „Ostar eru af ýmsu tagi og erfitt er að bera saman verð á þeim..“ Þetta er rétt og fráleitt er að meta tollvernd eftir meðalverði á öllum ostum útfluttum frá Danmörku. Sem dæmi má benda á að hluti af útflutningi á ostum frá Danmörku árið 2014 er útflutningur á skyri.  Önnur villa er að verð á súrmjólk er miðað við sýrðar áfir. Það er svipað og bera saman verð á sýrðu hvítkáli og sýrðum agúrkum.
9	„Undanfarin tvö ár hefur eftirspurn eftir mjólk hins vegar verið meiri en framboð og litlu hefur munað á verði utan greiðslumarks og lágmarksverði.“ (bls. 20, neðst)	Það hefur <u>engu munað</u> á verði fyrir mjólk utan og innan greiðslumarks frá - 1. október 2013.
10	„Mjólkursamsalan er þó ekki rekin með miklum hagnaði eins og búast mætti við af einokunarfyrirtæki sem nýtti sér einokunarstöðu sína.“ (bls. 21, neðst)	Mjólkursamsalan var rekin með samtals 150 milljóna samanlögðu <u>TAPI</u> árin 2007-2014 (á verðlagi hvers árs; talan væri hærri á verðlagi 2015).

**Aðrar athugasemdir vegna fyrri hluta skýrslunnar:**

1. Í síðustu málsgrein á bls. 19 eru leiddar líkur að því að inngríp hins opinbera valdi minni neyslu mjólkurvara á Íslandi. Í ljósi þess að neysla mjólkurvara á Íslandi er einhver sú mesta í heimi er full ástæða til að efast um að þetta sé reyndin.
2. Í skýrslunni er því bæði haldið fram að innlend matvælaframleiðsla sé mjög háð innfluttum aðföngum (blaðsíða 11) líka að hún sé það ekki (blaðsíður 48-49). Í seinna tilvikinu er það notað til að leiða líkum að hæpið sé að núverandi landbúnaðarkerfi hafi verndað neytendur fyrir verðhækkunum. Augljóslega er ekki hægt að halda hvoru tveggja fram.
3. Á blaðsíðu 41 (2. málsgrein, 5. setning) er sagt að aukningu innvigtunar 2005 – 2007 megi „m.a. skýra með breytingum á stuðningi hins opinbera við mjólkurframleiðendur og lækkingun virðisaukaskatts í 7%“ Engin rök eru færð fyrir þessu. Líklegri skýring er að fullt afurðastöðvaverð var greitt fyrir alla mjólk árin 2005-2007 til að hvetja til aukinnar framleiðslu.
4. Á blaðsíðu 46 kemur fram að heildsöluverð mjólkurvara breyst að raunvirði frá 2003 til 2013 þannig:
  - a. Rjómi lækkaði um 18%
  - b. Ostar lækkuðu um 12-13%
  - c. Smjör lækkaði um 8%
  - d. Nýmjólk lækkaði um 8%
  - e. Undanrennuduft lækkaði um 1%
  - f. Skyr hækkaði um 3%
5. Á blaðsíðu 47 kemur fram að „Í byrjun tímabilsins [2003] er hlutfall vinnslukostnaðar og álagningar af heildsöluverði 40% en rétt um 30% í enda tímabilsins.“ Þetta er rétt. Ennfremur er sagt að ekki liggi fyrir gögn til að sundurliða lækkinguna til að sjá hvort vinnslukostnaður eða álagning hefur lækkað. Þetta er rangt. Hjá Verðlagsnefnd bývöru, í ársskýrslum afurðastöðvanna og hjá SAM liggja fyrir upplýsingar um fækkun starfsmanna og raunlækkun launakostnaðar - fyrirtækja sem tengjast mjólkurvinnslu innan SAM fyrir árin 2003-2013.
6. Samkvæmt upplýsingum frá verðvísitölum Hagstofu Íslands, sem birtar eru á bls. 50 í skýrslunni, voru hækkanir frá árinu 2003 til ársins 2013 eftirfarandi:
 

a. Vísitala neysluverðs:	82%
b. Innlendar vörur og grænmeti:	71%
c. Skyr og jógúrt með ávöxtum:	60%
d. Nýmjólk:	49%
e. Ostur:	46%
f. Rjómi:	34%
7. Á blaðsíðu 52 segir: Árin 2003-2013 hækkaði verð á um 70% matvara meira en sú mjólkurafurð sem hækkaði mest í verði, verð á um 20% annarra matvara hækkaði hvorki meira né minna en verð á mjólkurafurðum og verð á 10% annarra matvara hækkaði minna en sem nemur minnstu hækkun á verði mjólkurafurða. Þetta er frábær árangur.



8. Ályktanir um afkomu bænda byggja á gölluðum tölum, þó ekki sé þar við Hagfræðistofnun að sakast. Það minnir á að vinnsla landbúnaðartölfræði á vegum Hagstofunnar er í ólestri a.m.k. hvað varðar einstakar búgreinar og brýnt að bæta þar úr. Ekki er umdeilt að landbúnaðurinn nýtur víðtæks opinbers stuðnings. Í því samhengi er óskiljanlegt að hið opinbera sjái sér ekki hag í því að fyrir liggja víðtækari gögn um afkomu og þróun í greininni.
9. Fram kemur í skýrslunni að um það bil helmingur matarútgjalda landsmanna rennur til kaupa á innlendra búvöru, en jafnframt kemur fram að um 13% heildarframleiðslu mjólkurvara fara á heimsmarkað. Við flytjum því nú þegar inn hátt hlutfall þeirra matvæla sem við neytum og miðað við stefnumörkun bæði síðustu og núverandi ríkisstjórnar var frekar vilji til að auka þar hlut innlendar framleiðslu en minnka.
10. Samanburður við breytingar á grænmetisframleiðslu sem fjallað er um skýrslunni segir aðeins hluta sögunnar. Um leið og tollar voru felldir niður og teknar upp beingreiðslur voru niðurgreiðslur á orku líka auknar verulega en það nefnir skýrslan ekki, en nefnir þó að afkoma framleiðenda hafi lítið breyst. Þá er ekki nefnt heldur að stuðningur við grænmetisframleiðslu er alfarið dreift á framleitt magn hverju sinni, en gerðar eru athugasemdir við sambærilegar framleiðslutengingar hvað varðar mjólkurframleiðsluna.

#### Athugasemdir við einstök atriði í Bhluta: II – Horfur í greininni

Staðreyndavillur:

Nr.	Staðreyndavilla:	Skýring:
1	„Stuðningskerfið hefur litlum breytingum tekið í áratugi.“ (Bls. 54, 1. málsgrein, 2. setning)	Stuðningskerfin á Íslandi hafa tekið miklum breytingum síðustu áratugi. Á blaðsíðu 26 í skýrslunni kemur t.d. fram að beingreiðslum var breytt úr ákveðnu hlutfalli af verði mjólkur í fasta verðtryggða heildarfjárhæð með nýjum búvörusamningi árið 2004. Á sömu blaðsíðu er tafla sem sýnir færslu stuðnings við mjólkurframleiðsluna úr beingreiðslum í: (1) Beingreiðslur, (2) Kynbóta og þróunarstarf, (3) Gripagreiðslur, (4) óframleiðslutengdan stuðning.  Svipaðar breytingar hafa orðið í stuðningi við sauðfjárframleiðsluna.
2	„Mjólkin kostaði samtals 15½ milljarð króna á ári frá íslenskum bændum, en innflutt mjólk hefði kostað tæplega 7½ milljarð á	Hér virðist hvorki vera borið saman sama vara né verð né sama verð.  Íslensk vara er fersk mjólk sem nota má í hvaða vöru sem er; erlent verð er meðalverð á

	bændaverði, með flutningskostnaði hingað til lands.“ (Bls. 54, neðst)	<p>undanrennu og smjöri sem ekki er hægt að nota til framleiðslu nema lítils hluta mjólkurafurða.</p> <p>Verð á Íslandi er með öllum styrkjum en verð á erlendis er án tillits til styrkja við framleiðslu (á land og gripi), birgðageymslu og markaðssetningu.</p>
3	„Samtals voru beinir fjárstyrkir frá ríkinu og verðstuðningur með tollum 8 milljarðar króna á ári, eða rétt rúmur helmingur af tekjum kúabænda.“ (bls. 55, 1. málsgrein, 2. setning)	<p>Í næstu setningu á undan segir að afurðastöðvar hafi borgað 9½ milljarð fyrir mjólkina. Átta milljarðar geta ekki verið „...rétt rúmur helmingur..“ af <math>8 + 9,5 = 17,5</math> milljarðar. Réttara hlutfall kemur fram á blaðsíðu 54, en þar segir að stuðningur sé um 44% af tekjum bænda (og hafi verið 77% fyrir 30 árum síðan).</p>
4	„Martin von Lampe, sem vinnur að þessum málum hjá OECD, bendir einnig á að Íslendingar framleiddu um 17% meiri mjólk sem þeir neyttu á árunum 2011 til 2013.“ (Bls. 55, 1. málsgrein, 5. setning)	<p>Þetta er röng tala.</p> <p>Samkvæmt gögnum SAM er rétt tala 10%.</p> <p>Árin 2013-2014 var framleiðsla 2,6% yfir sölu á fitugrunni en 7,3% yfir sölu á próteingrunni. Til að tryggja framboð þar framleiðsla alltaf að vera yfir sölu. Næg mjólkurframleiðsla til að tryggja framboð á þeim árstíma sem framleiðslan er minnst veldur því að heildarframleiðsla ársins þarf að vera hærri.</p>
5	„Enn er sett markmið um verð á smjöri og mjólkurdufti auk þess sem innflutningur er takmarkaður á þessum vörum og útflutningur styrktur.“ (um ESB á bls. 55, 3. málsgrein, síðasta setning)	<p>Það er ekki sett „markmið“ um verð á smjöri og dufti í ESB; þetta eru lágmarksverð.</p> <p>ESB kaupir smjör og duft á þessum verðum og setur í geymslur (smjör og duftfjöll).</p>
6	„Hins vegar er fátt sem stuðlar að nýjungum á markaði sem þessum.“ (Bls. 60, 2. málsgrein, 8. setning; um mjólkurmarkað.)	<p>Bændur eru eigendur Mjólkursamsölunnar. Markmið þeirra með rekstri fyrirtækisins er að hámarka sölu á mjólkurafurðum á Íslandi. Það er gríðarlegur hvati til að setja á markaðinn nýjungar.</p> <p>Auk þess er öllum heimilt að hefja framleiðslu og sölu mjólkurafurða. Nú þegar eru nokkur fyrirtæki sem framleiða og selja mjólkurvörur á markaði og</p>

		keppa ekki síst á grundvelli nýjunga.
7	„Ýmis rök má færa fyrir því að vernda íslenskan landbúnað. Margir vilja varðveita atvinnugreinina, byggð í sveitum landsins og þá menningu sem þar er. En tæpast má nota sömu röksemdir til þess að verja stöðnun og jafnvel óhagræði í vinnslu búvara.“ (Bls. 60, síðustu setningar í textanum.)	Hér er ekki bein staðreyndavilla – en skýrslan sýnir miklar breytingar í vinnslu búvara: Ný fyrirtæki hefja starfsemi, sum lifa önnur ekki, í heildina fækkar. Heildarkostnaður við vinnsluna lækkar á föstu verðlagi og lækkar sem hlutfall af heildsöluverði.  Að gefa í skyn „stöðnun og jafnvel óhagræði í vinnslu búvara“ eru hreinir fordómar sem stangast á við efni skýrslunnar.
8	„Þær eru núna að mjög miklu leyti tengdar því hve mikið er framleitt af mjólk.“ (Um greiðslur til kúabænda úr ríkissjóði; bls. 67, 2. málsgrein, 2. setning)	Stuðningur við mjólkurframleiðsluna er „...föst verðtryggð heildarfjárhæð..“ (bls. 26, 1. málsgrein, 2. setning) frá árinu 2004.  Greiðslurnar eru því algerlega ótengdar því hve mikið er framleitt af mjólk. Þessa misskilnings gætir víðar í skýrslunni.
9	„Þrátt fyrir að flutningajöfnunargjald sé lagt á mjólk og hún sé sótt á afskekktu bæi víða um land hefur framleiðslan þjappast saman.“ (Bls. 80, neðst)	Það er ekki lagt á flutningsjöfnunargjald. Allir greiða sama verð fyrir mjólkurflutninga en ekkert gjald er lagt á.  Framleiðslan hefur ekki þjappast saman (sjá framar).
10	„Hér er lagt til sem fyrsta skref í lækun innflutningstolla af mjólkurvörum verði magntollar afnumdir og verðtollar lækkaðir í 20%. Það nægir til að ýmsar erlendar mjólkurvörur verði boðnar til sölu hér, en íslenskar mjólkurvörur verða þó áfram samkeppnisfærar.“ (Bls. 83, upphaf 3ju málsgreinar.)	Fullyrðing um að íslenskar mjólkurvörur verði áfram samkeppnisfærar er röng. Sjá nánar á blaðsíðu 7 hér að framan.

#### Aðrar athugasemdir:

1. Á blaðsíðum 53-54 segir: „Þegar tollamúrar þróaðra landa hrynja eykst eftirspurn eftir búvörum sem þar eru í boði.“ - Hvorki rök né vísanir í heimildir fylgja þessari fullyrðingu. Er hún rétt?

2. „Landbúnaður er óvígða styrktur meira af ríkinu en á Íslandi.“ (bls. 54, 1. málsgrein, 1. setning). Munurinn virðist ekki vera mikill því: „Heildarstuðningur við landbúnað hefur minnkað úr 3% af landsframleiðslu aðildarríkjanna [átt er við OECD-ríkin] að jafnaði árin 1986-1988 í minna en 1% árin 2011-2013.“ (bls. 53, eigin undirstrikun) og á bls 5 segir (eigin undirstrikun): „Heildarstuðningur við landbúnað á Íslandi nam tæpum 20 milljörðum króna árið 2013 og var hann þá rúmlega 1% af landsframleiðslu. Árin 1986-1988 var stuðningurinn 5% af landsframleiðslu.“  
Hér segir beinum orðum að stuðningur við landbúnað á Íslandi hefur minnkað, sem hlutfall af landsframleiðslu, um 80% á 30 árum.
3. Á blaðsíðu 54 segir að verð á framleiðslu íslenskra bænda hafi verið 4 sinnum dýrari dýrari en innflutningur 1986-1988 en séu nú „...meira en 50% dýrari..“ Það er ekki svo lítil breyting.
4. Á blaðsíðu 55 (3. málsgrein, 4. setning innan sviga) kemur fram að OECD telji 73% stuðnings við landbúnað á Íslandi tengjast beint magni sem framleitt er. Hér hlýtur að vera um misskilning að ræða; stuðningur við mjólkurframleiðsluna er „...föst verðtryggð heildarfjárhæð..“ (bls. 26, 1. málsgrein, 2. setning) frá árinu 2004. Heildarupphæðin er því 100% ótengd því magni sem framleitt er.
5. Hærra hlutfall markaðstekna fyrir sölu mjólkurafurða skila sér til bænda en í Evrópusambandinu. (bls. 58, umfjöllun í kafla 6.2). Landbúnaðarkerfið skilar mestu til bænda – eins og markmiðið er.
6. 30% dýrara var að koma mjólk frá bændum til neytenda á Íslandi en í ESB árið 2001; árið 2012 var 8% dýrara að koma mjólkinni sömu leið. Munurinn hefur minnkað um 73% (22 af 30%). Það er frábær árangur
7. Á blaðsíðu 60 segir: „Hagnaður afurðastöðva skiptir ekki sköpum fyrir verðmyndun mjólkur hér á landi. Hagnaður Auðhumlu, eignarhaldsfélags Mjólkursamsölunnar, var 1-2% af rekstrartekjum árin 2011 til 2012.“ Eins og rækilega kemur fram í skýrslunni ræðst verðmyndun mjólkur af ákvörðunum verðlagsnefndar. Auk þess var Mjólkursamsalan rekin með samtals 150 milljóna samanlögðu TAPI árin 2007-2014 (á verðlagi hvers árs; talan væri hærri á verðlagi 2015).
8. Almennt er það vafasöm aðferðafræði að ætla að gera beinan verðsamanburð á innlendri og innfluttri mjólk og draga ályktanir út frá því. Ekkert heimsmarkaðsverð er til á drykkjarmjólk. OECD áætlað vissulega „heimsmarkaðsverð á mjólk“ en það er byggt á verði á mjólkurdufti - ekki ferskvörnunni. Bera verður saman sambærilegar vörur ef ætlunin er að draga af því ályktanir. Þá mun það einnig hafa áhrif á verð þegar engin samkeppni verður lengur frá innlendri framleiðslu.
9. Bollaleggingar um að verðmunur á mjólkurvörum á milli Íslands og Evrópusambandsins muni aukast eru getgátur og ekki studdar neinum gögnum. Það er reyndar fremur sérkennilegt að vera að bera saman verð við meðaltal ESB landanna 28 og stórkostleg einföldun að draga ályktanir út frá því eins og gert er í skýrslunni. Gríðarlegur munur er á verðlagi innan ESB, á matvöru sem öðru og eðlilegra væri að bera verðið saman við Norðurlöndin eða önnur lönd sem við berum okkur gjarnan saman við.

10. Í kafla 7.2 segir: „Að meðaltali hefðu mjólkurvörur lækkað í verði um tæp 10% árið 2014 ef þessi leið hefði verið farin.“ (Bl. 64, Lok annarrar málsgreinar.) - Þessi fullyrðing er byggð á eigin útreikningum skýrsluhöfunda, en engar upplýsingar liggja fyrir um hvaða aðferðum var beitt.
11. Á blaðsíðu 68 er metið hvaða áhrif yrðu af því að fella niður alla tolla á mjólkurvörum og hætta öllum stuðningsgreiðslum við mjólkurframleiðsluna. Í skýrslunni er áætlað að hérlendir bændur muni framleiða um 35% af þeirri mjólk sem þeir leggja nú inn hjá mjólkurbúunum. – Ástæða er til að halda þessu á lofti; niðurfelling tolla og stuðning mun valda 65% samdrætti í mjólkurframleiðslunni með tilheyrandi byggðaröskun og fækkun afurðastöðva.
12. Fullyrðingar skýrslunnar um að innlendir mjólkurframleiðendur séu ónæmir fyrir verðsveiflum erlendis er röng á heildina litið, en hún er vissulega mismunandi eftir afurðum. Þróun tollverndar eftir vöruflokkum. er mjög mismunandi og þar af leiðandi áhrif þeirra á verðlagningu innlendra afurða.
13. „Líklegt er að mjólkurbúskapur leggist að miklu leyti af á Austurlandi og Vestfjörðum ef afurðastöðvar hætta að greiða öllum sama verð.“ (Bl. 81, 1. málsgrein, 5. setning.) Rétt er að þetta má telja líklegt.